

Markmið / tilgangur:

Að félagsmenn SÍH, utanfélagsmenn og félagar í öðrum íþróttafélögum þekki möguleika sína til æfinga hjá félaginu

Að koma skipulagi á æfingar og bæta nýtingu Iðavalla með lágmarks álagi á æfingastjóra SÍH.

Ábyrgðarmenn:

Stjórn SÍH og vallarstjóri

Lýsing:

Almennar æfingar:

- almennar æfingar eru haldnar frá 1. apríl fram í miðjan september, eftir aðstæðum.
- almennar æfingar eru ætlaðar öllum.
- eingöngu skuldlausir félagsmenn SÍH njóta bestu kjara.
- félagsmenn þurfa að hafa greitt félagsgjald til að njóta bestu kjara.
- utanfélagsmenn og félagsmenn sem ekki hafa greitt árgjald geta mætt og tekið þátt í æfingum en greiða helmingi hærra verð. Sjá gjaldskrá.
- félagsmenn annarra skotíþróttafélaga geta óskað eftir bestu kjörum gegn því að framvísa vottun um að þeir hafi greitt félagsgjald í eigin félagi.

Æfingar utan auglýstra æfingatíma:

- þeir sem hafa lykлавöld að Iðavöllum mega stunda æfingar utan auglýstra æfinga, alla tíma ársins en þó innan reglna [541](#) um opnunartíma.
- Skuldlausir félagsmenn sem koma á Iðavelli á sama tíma mega taka þátt í æfingunni en aðeins á forsenum æfingastjórans.
- Sá sem fær að taka þátt í æfingum með þessum hætti skal í einu og öllu taka þátt í að ganga frá þegar æfingastjóra hentar og hlíða fyrirmælum hans að öðru leiti hvað varðar umgengni á Iðavöllum.

Æfingar keppnismanna:

- keppnismenn SÍH eru skilgreindir allir þeir sem taka þátt í innanfélagsmótum félagsins
- engir aðrir en þeir hafa aðgang að auglýstum "**keppnismannaæfingum**"
- þeir sem hafa gert þjálfunarsamning við félagið hafa einir aðgang að auglýstum "**lokuðum keppnismannaæfingum**"